



**Ungmennafélag Akureyrar**  
**Stofnað 5. apríl 1988**  
**Ársskýrsla 2024**



Frjálsíþróttakona UFA, Stefanía Daney, og Langhlaupakona UFA, Sigþóra Brynja

## Aðalstjórn UFA kosin á aðalfundi 2024

Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður  
Rósa Dagný Benjamínsdóttir gjaldkeri  
María Indriðadóttir ritari  
Rósa Hrefna Gísladóttir meðstjórnandi  
Katrín Ósk Guðmundsdóttir meðstjórnandi

### Í varastjórn:

Hulda Berglind Árnadóttir  
Sigurveig Björg Harðardóttir

### Skoðunarmenn reikninga:

Guðmundur Víðir Gunnlaugsson  
Arnar Elíasson

Einnig eru starfandi sérstakar undirstjórnir fyrir langhlaupadeildina eða Eyrarskokk og þríþrautardeildina sem kallar sig Norðurljós - perlur Eyjafjarðar, þau gera grein fyrir starfsemi sinna deilda.

### Í stjórn Eyrarskokks árið 2024 voru:

Rannveig Oddsdóttir, formaður.  
Anton Örn Brynjarsson, gjaldkeri  
Sara Dögg Pétursdóttir, meðstjórnandi  
Anna Berglind Pálmadóttir, meðstjórnandi

### Í stjórn Norðurljósa – perlur Eyjafjarðar árið 2024 voru:

Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, formaður og gjaldkeri  
Kristjana Pálsdóttir, ritari  
Hildur Andrjesdóttir, meðstjórnandi  
Sigrún María Bjarnadóttir, meðstjórnandi

Árið 2024 var UFA gott frjálsíþróttaár. Fjöldi iðkenda í frjálsíþróttahópnum óx mikið frá árunum á undan, 96 iðendur voru skráðir á haustönn 2024. Gaman er að sjá að fjöldi iðkenda í Meistaraflokki, þ.e. þeirra sem eru 15 ára og eldri heldur áfram að aukast frá fyrra ári.

### **Styrktaraðilar**

Á árinu fékk UFA styrki frá eftirfarandi aðilum til að efla frjálsíþróttastarf félagsins og erum við mjög þakklát fyrir stuðninginn:

- Akureyrarbær veitir félaginu rekstrarstyrk og aðgang að íþróttamannvirkjum bæjarins til æfinga og keppni. Auk þess hefur Akureyrarbær síðustu ár styrkt UFA vegna þriggja viðburða; 1. maí hlaupsins, Grunnskólamáts UFA og Akureyrarhlaupsins. Núverandi styrktarsamningur er vegna áranna 2023-2025.

- Lottó styrkti starfið bæði í gegnum úthlutun UMFÍ og ÍBA.
- Kjarnafæði Norðlenska er aðalstyrktaraðili frjálsíþróttamóta á vegum UFA og styrkir félagið í þrjú ár í senn, skrifað hefur verið undir samning fyrir 2025-2027. RUB 23 gaf öll verðlaun á Minningarmóti Ólivers.
- Samherji styrkti barna og unglingastarf félagsins veglega.
- ENOR styrkir félagið með lágrí gjaldskrá fyrir bókhaldsþjónustu
- Norðurorka styrkti vegna ferðar á Gautaborgarleikanna 2024
- MS, Spretturinn, Sportver, stéttarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu, sveitarfélögin í kring og UMFÍ styrktu 1. maí hlaupið.

### **Lottótekjur**

Ungmennafélag Akureyrar var fram til ársins 2019 með beina aðilda að UMFÍ sem ungmennafélag. Árið 2019 varð ÍBA aðili að UMFÍ en UFA hélt áfram hlutdeild sinni í lottógreiðslum UMFÍ, sem voru umtalsverðar. Á árinu 2023 námu beinar greiðslur UMFÍ til UFA 3,7 milljónum kr. Á sambandsþingi UMFÍ sl. haust var hins vegar samþykkt að breyta útgreiðslureglum lottótekna, nú skiptast lottótekjur til sambandsaðila þannig að 15% fara til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða en 85% til íþróttahéraða, þ.e. í okkar tilfalli til ÍBA, sem skiptir síðan lottótekjum bæði frá UMFÍ og ÍSÍ á milli félaga innan vébanda ÍBA. Ljóst er að þessi breytta ráðstöfun mun minnka lottótekjur UFA mikið, Áætlað var að minkunin myndi nema um 2 milljónum kr. miðað við framlög síðustu ára en reyndin var að fyrirkomulag breyttist ekki fyrr en mitt ár og því urðu lottótekjur UFA árið 2024 2.1 milljónir kr

### **Viðburðir á vegum UFA**

Samstarf frjálsíþróttastarfsins og Eyrarskokks hefur verið farsælt, í byrjun árs 2023 var gert endurnýjað samkomulag um verkaskiptingu milli frjálsíþróttahópsins og UFA Eyrarskokks varðandi almenningshlaup félagsins. Frjálsíþróttahópurinn hafði því veg og vanda af skipulagningu 1. maí hlaupsins með góðri hjálp frá UFA Eyrarskokks, en UFA Eyrarskokk sá að langmestu leyti um Akureyrarhlaupið, með aðstoð frá frjálsíþróttahópnum hvað brautarvörslu snerti.



*Leik- og grunnskólahópar í 1. maí hlaupi 2024*

Mikið fjölmenni var í 1. maí hlaupi UFA. Um 480 hlauparar á öllum aldri hlupu af stað og þá eru ótaldir þeir foreldrar sem tóku sprettinn sem fylgdarmenn barna sinna í styttri hlaupunum. Veðrið lék við okkur, sól og blíða, það gerist ekki betra.

Tæplega 160 leikskólabörn hlupu einn hring á vellinum eftir góða upphitun undir stjórn frjálsíþróttapjálfarans okkar, Unnars Vilhjálmssonar. Kappið var mikið og sprettu þau vel úr spori. Um 230 grunnskólabörn hlupu svo af stað í 2 km hring, í þremur hópum eftir aldri. Þau komu þreytt en sæl í mark eftir afrekið. Máttu þeir foreldrar sem fylgdu sumum eftir hafa sig öll við að missa ekki af þeim. Að lokum hófst 5 km hlaup og þar voru skráð til leiks um 60 krakkar og 30 fullorðnir. Leiðin er býsna löng og á fótinn lengi framan af en allir stóðu sig vel og skiluðu sér kátir í mark.

Akureyrarmót UFA og Kjarnafæðis Norðlenska var haldið í Boganum þann 6. apríl. Boðið var upp á þrautabraut fyrir 9 ára og yngri en keppt í flokkum frá 10-11 ára upp í karla- og kvennaflokk. Það voru um 180 keppendur á mótinu. UMSS, USAH, Samherjar, HSP, ÍR, Selfoss og Hrafnafloki mættu til leiks, alltaf jafn gaman að fá þessi skemmtilegu og öflugum lið í heimsókn.



Grunnskólamót UFA í maí 2024

Grunnskólamót UFA í frjálsum fór fram dagana 13.-16. maí sl. Mikið fjör var í Boganum þar sem um 1.100 krökkum í 4.-7. bekk grunnskóla Akureyrarbæjar var boðið að koma að keppa í frjálsum íþróttum. Keppt var í spretthlaupi, hringhlaupi, langstökki, boðhlaupi og reipitogi. Mikið kapp var í krökkunum, allir stóðu sig mjög vel, bæði í keppni og í stuðningsmannaliðum, og vonandi höfðu sem flestir gaman af. Bæði var um að ræða einstaklingskeppni og keppni milli skóla í hverjum árgangi. Efstu 10 krökkum í hverri grein var boðið að æfa frítt með UFA í einn mánuð og fengu þeir afhent sérstakt viðurkenningarskjal. Keppni milli skólanna var hörð og í einhverjum tilfellum réðust úrslit um stigahæsta skólann ekki fyrr en í síðustu grein.





*Hluti af starfsmönnum Grunnskólamótsins*

UFA og skólarnir hjálpuðust að við að halda mótið. Til viðbótar við þjálfara og aðra liðsmenn UFA þá komu góðir hópar krakkar úr 8-10. bekkjum til mælinga ásamt því að íþróttakennarar og aðrir starfsmenn skólann gripu í mælingar/skráningu og önnur tilfallandi verkefni þegar á þurfti að halda.




UFA dagurinn var haldin seinnipart dags 13. júní. Þar voru leikir og frjálsíþróttagreinar fyrir 9 ára og yngri, eldri iðkendur og gestir gátu tekið þátt í spretthlaupi, kúluvarpi, spjótkesti og hástökki. Endað var með grilluðum pylsum í blíðskaparveðri.

Akureyrarmót UFA og Kjarnafæði Norðlenska var haldið 24. og 25. ágúst. Mótið var vel sótt af norðlenskum frjálsíþróttakrökkum. Tæplega 150 keppendur mættu til leiks, flestir voru iðkendur UFA en einnig mættu góðir hópar frá Samherjum, Þingeyingum, Skagfirðingum og Húnavtingum auk annarra sem sumir hverjir komu lengra að. Keppt var í sex til sjö greinum í flestum aldursflokkum 10 ára og eldri. Keppendur stóðu sig reglulega vel og mikið var um bætingar. Fyrir yngstu keppendurnar var boðið upp á þrautabraut þar sem þau kepptu í spretthlaupi, langstökki, skutlukasti, grindahlaupi, boðhlaupi og reipitogi. Krakkarnir voru kappsfull og höfðu bæði þau og foreldrar þeirra gaman af, enda höfðu þau eflst á fjölbreyttum frjálsíþróttæfingum sumarsins.



*Nokkrar myndir frá Akureyrarmóti UFA og Kjarnafæði Norðlenska*

UFA bauð til 98. Meistaramóts Íslands og Íslandsmóts fatlaðra sem fram fór á Akureyri helgina, 28.-30. júní. Undirbúningur bak við stórmót sem þessi tvö er mikill og mikinn mannskap þarf til að hægt sé að halda mótin með sóma. Ríflega 50 sjálfboðaliðar komu að mótahaldinu og voru mótin UFA til sóma. Fulltrúar Íþróttafélags fatlaðra lofuðu mótahaldið sérstaklega og voru mjög ánægðir með að hægt hefði verið að halda þessi tvö mót saman. Á ýmsu gekk hvað veðrið snerti á meðan á mótinu stóð, allt frá slagveðri á föstudagskvöldi til steikjandi hita á sunnudegi. Tvö Íslandsmet voru sett á mótinu og þónokkur mótsmet, það var gaman að fá tækifæri til að eiga þátt í slíkum afrekum, á hliðarlínunni.



*Myndir frá Meistaramóti Íslands á Akureyri*

Götuganga Akureyrar var haldin í annað sinn 12. október. Akureyrarbær og Heilsueflandi Samfélag og Ungmennafélag Akureyrar stóðu að viðburðinum, með góðum styrk frá ÍSÍ. Gleði og kraftur einkenndi þá 50 göngugarpa sem mættu við Hof og gengu 4,7 km gönguleið. Unnar Vilhjálmsson stjórnaði skemmtilegri upphitun og ræsti keppendur. Kalt var í veðri en göngugarpar létu það ekki á sig fá heldur gengu sem leið lá suður eftir göngustígnum að gatnamótunum á móts við Leirunesti og nýi göngustígurinn genginn langleiðina að brúnni, þar var snúningspunktur og gengið aftur til baka, sama leið í mark. Sjálfboðaliðar frá UFA stóðu vaktina við afhendingu keppnisgagna, tímamælingar og við að vísa þátttakendum leiðina, með brosi á vör. Undanfari fór á undan hópnum á hjóli, eftirfarar gættu þess að enginn yrði skilinn eftir. Brautarverðir gættu þess að göngufólk sneri við á réttum stað.



*Myndir frá Götugöngu Akureyrar*

Minningarmót Ólivers var haldið laugardaginn 30. nóvember í Boganum. Um 170 keppendur mættu til leiks þrátt fyrir slæma veðurspá, flestir frá UFA, Samherjum, USAH og UMSS og HSP, en einnig komu keppendur lengra að, frá ÍR, Fjölni og Selfossi. Það var okkar góði stuðningsaðili RUB23 sem gaf verðlaunin á mótinu en það er haldið til minningar um Óliver Einarsson sem var ungur og efnilegur frjálssíþróttamaður hjá UFA þegar hann lést af slysförum í maí 2017.

Um 60 keppendur, 9 ára og yngri, tóku þátt í þrautabrautinni og stjórnaði Unnar henni eins og honum er einum lagið með aðstoð sjálfboðaliða. Í aldursflokkum 10 ára og eldri var keppt í sex til sjö greinum, 60m hlaupi, 60m grindahlaupi, 400m/600m/800m hlaupi, hástökki, langstökki, kúluvarpi og skutlukasti. Anna Sofia Rappich sló á mótinu íslandsmet í sínum aldursflokki, 60-64 ára, í tveimur greinum, í langstökki og 60m hlaupi.





*Myndir frá Minningarmóti Ólivers*

Fjölmennur UFA hópur fór til Gautaborgar á Världsungdomsspelen í byrjun júlí. Mótið er líklega sterkasta unglíngamótið á Norðurlöndum, þar sem keppt í flokkum 12 ára og eldri. Í hópnum voru 28 keppendur og 36 foreldrar og þjálfarar en UFA reynir að fara annað hvert ár með hópferð og nýtur hún alltaf meiri vinsælda sem fjölskylduferð. Í heildina er þetta vikufærð með þremur keppnisdögum og var keppt á Slottskogsvallen í Gautaborg. Einnig er farið í verslunarferðir og Liseberg skemmtigarðurinn heimsóttur. Stjórn UFA þakkar þjálfurunum, þeim Unnari Vilhjálmssyni og Jón Friðrik Benónýssyni (Bróa) sem fóru með hópnum sérstaklega fyrir ferðina, keppnisdagarnir voru langir og ómentanlegt fyrir keppendur að hafa stuðning þeirra í hinum ýmsu greinum. Eins þakkar félagið Norðurorku innilega fyrir stuðninginn en UFA fékk samfélagsstyrk frá Norðurorku fyrir ferðum þjálfaranna. Það er mikil upplifun fyrir iðkendurna okkar að fara að keppa á stórmóti sem þessu. Ferðin hvetur krakka til dáða við æfingar í marga mánuði fyrir mótið og gefur þeim reynslu sem þau búa að við æfingar og keppni eftir mótið. Hópur iðkenda og aðstandenda styrkist við samveruna og skapar minningar sem lengi lifa.

Iðkendur okkar fóru á önnur mót eftir því sem möguleiki var á, þar má m.a. nefna MÍ tiltekinna aldursflokka, RIG (Reykjavík International Games), Unglingalandsmót í Borgarnesi og Stórmót ÍR. Mikið var um persónulegar bætingar, gaman er að sjá framfarirnar og hvað okkar iðkendur sýna almennt góða framkomu þegar farið er á mót. UFA plús gerðu góðar ferðir á MÍ öldunga bæði utan- og innanhúss og voru stigahæsta liðið á mótinu sem var innanhúss. Sómi af þeirra ferðum og dugnaði.

UFA varð mjög sigursælt sem hópur á MÍ 15-22 ára utanhúss, þar sem félagið átti stigahæstu hópana í flokki 15 ára pílta, 18-19 ára pílta og 20-22 ára stúlkna ásamt því að verða í 2. sæti í heildarstigakeppninni.

UFA sigraði 14. Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri, utanhúss. Piltarnir sigruðu karlakeppnina og stúlkurnar urðu í þriðja sæti í kvennakeppninni. Einnig náði UFA að senda fullskipað lið í 57. Bikarkeppni FRÍ utanhúss í fyrsta sinn í langan tíma og varð félagið í sjötta sæti. Í 10. Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri, innanhúss náði félagið öðru sæti.

Stjórn UFA þakkar keppendum kærlega fyrir árangursrík og skemmtileg mót og viðburði á árinu. Stjórnin sendir einnig hjartans þakkir til allra starfsmanna sem að mótum ársins komu, þeirra sem eru boðnir og búnir að aðstoða félagið hvenær sem kallið kemur, hvort sem er inni eða út, í sól eða hryssingslegu veðri líkt og stundum vill verða. Engin mót væru haldin ef ekki væri fyrir þann jákvæða hóp sjálfboðaliða sem með nákvæmni og þolinmæði mæla og skrá allt samkvæmt kúnstarinnar reglum.

Tíu ungmenni úr röðum UFA hafa verið valin af Frjálsíþróttasambandi Íslands (FRÍ) í Úrvalshóp FRÍ fyrir ungmenni á aldrinum 15-19 ára. Markmið Úrvalshóps er sporna gegn brottfalli unglinga úr frjálsíþróttum og skapa vettvang fyrir frjálsíþróttauglinga landsins til að kynnast utan keppni. Til þess að vera valinn í Úrvalshóp unglinga er farið eftir ákveðnum viðmiðum sem segir til um góðan árangur. Viðmiðin verða erfiðari því sem unglingarnir eldast svo það kostar mikla æfingu að halda sig í hópnum. Í hópnum sem kynntur var í lok árs 2024 eru þau Arnar Helgi Harðarson, Tóbías Þórarinn Matharel, Garðar Atli Gestsson, Kristófer Máni Sigurðsson, Brynjar Páll Jóhannsson, Pétur Friðrik Jónsson, Róbert Mackay, Guðrún Hanna Hjartardóttir, Emelía Rán Eiðsdóttir og Elena Soffía Ómarsdóttir.



Íslandsmeistarar UFA 2024 sem mættir voru á aðalfund UFA, á myndina vantar níu þeirra

## Íslandsmeistarar UFA voru 26 talsins á árinu 2024 í 61 grein:

Alexander Breki Buck Jónsson	Utanhúss: Kúluvarp, kringlukast, 4x100 m hlaup pilta 18-19 ára
Anna Berglind Pálmadóttir	Innanhúss: 400m, 800m, 1500m hlaup kvenna 45-49 ára Utanhúss: 5 km hlaup í flokki 40-49 ára
Anna Sofia Rappich	Innanhúss: 60m. langstökk, stangarstökk kvenna 60-64 ára
Arnar Helgi Harðarson	Innanhúss: 60m hlaup, 300m hlaup í flokki 15 ára pilta Utanhúss: 4x100m hlaup 15 ára pilta
Aþena Björk Ómarsdóttir	Utanhúss: 100m, 200m hlaup, 4x100 m boðhlaup stúlkna 20-22 ára
Ágúst Bergur Kárasón	Innanhúss: 60m, 200m, 400m, 60m gr., langstökk, þrístökk, stangarstökk karla 50-54 ára
Baldvin Þór Magnússon	Utanhúss: 1500m hlaup karla
Brynjar Páll Jóhannsson	Innanhúss: Hástökk í flokki karla og hástökk í flokki 16-17 ára pilta Utanhúss: 4x100 m hlaup pilta 18-19 ára
Elena Soffía Ómarsdóttir	Utanhúss: Spjótkest stúlkna 16-17 ára, 4x100 m boðhlaup stúkna 20-22 ára
Emelía Rán Eiðsdóttir	Utanhúss: Kringlukast stúlkna 15 ára, utanhúss
Garðar Atli Gestsson	Utanhúss: Spjótkest pilta 15 ára
Guðrún Hanna Hjartardóttir	Utanhúss: 4x100 m boðhlaup stúkna 20-22 ára
Heiðrún Erna J Birgittadóttir	Utanhúss: Langstökk stúlkna 13 ára
Helena Ósk Hilmarsdóttir	Innanhúss: 60m, 200m hlaup kvenna, Íslandsmót fatlaðra
Hreggviður Örn Hjaltason	Utanhúss: 4x100 m hlaup pilta 15 ára utanhúss
Kristófer Máni Sigurðsson	Utanhúss: 4x100 m hlaup pilta 15 ára utanhúss
Kría Steinunn Hjaltadóttir	Innanhúss: Hástökk í flokki 12 ára stúlkna
Pétur Friðrik Jónsson	Utanhúss: 100m hlaup 16-17 ára pilta, 4x100 m hlaup pilta 18-19 ára
Rannveig Oddsdóttir	Innanhúss: 200m, 400m, 800m, 3000m hlaup kvenna 50-54 ára Utanhúss: hálfmararöun í flokki 50-59 ára
Róbert Mackay	Utanhúss: 4x100 m hlaup pilta 18-19 ára utanhúss
Sigurlaug Anna Sveinsdóttir	Utanhúss: 400m hlaup stúlkna 18-19 ára, 4x100 m boðhlaup stúkna 20-22 ára
Sonja Sif Jóhannsdóttir	Innanhúss: 60m, 200m, 400m hlaup kvenna 45-49 ára
Stefanía Daney Guðmundsdóttir	Innanhúss: 60m, 200m, langstökk, Íslandsmót fatlaðra Utanhúss: 100m hlaup, langstökk kvenna, Íslandsmót fatlaðra
Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir	Innanhúss: 60m, 200m, hástökk, langstökk kvenna 40-44 ára
Tobías Þórarinn Matharel	Innanhúss: Langstökk, þrístökk í flokki 15 ára pilta Utanhúss: 100m gr. og 300m gr, langstökk, þrístökk, fimmtarpraut, 4x100 m hlaup pilta 15 ára
Unnar Vilhjámsson	Innanhúss: Kúluvarp karla 60-64 ára

Ungmennafélag Akureyrar átti 5 iðkendur sem kepptu fyrir landsliðið á árinu 2024, það eru þau Baldvin Þór Magnússon, Birnir Vagn Friðriksson, Halldór Hermann Jónsson, Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir og Þorbergur Ingi Jónsson.

### **Viðurkenningar UFA vegna ársins 2024**

Frjálsíþróttakarlar ársins: **Baldvin Þór Magnússon**

Baldvin Þór er fæddur á Akureyri og bjó hér fyrstu árin en flutti þá til Bretlands með foreldrum sínum. Hann fór á íþróttastyrk til Bandaríkjanna í háskólanám og æfði þar og keppti í fimm ár. Hefur nú snúið aftur til Bretlands og æfir þar með sterkum hópi hlaupara.

Baldvin er einn allra sterkasti millivegalengda- og langhlaupari sem Ísland hefur átt. Hann hefur náð framúrskarandi árangri á undanförunum árum í hlaupum frá 1500 m og upp í 10 km hlaup. Hann setti fjögur Íslandsmet á árinu 2024 og á sem stendur 16 virk Íslandsmet þar af 15 í flokki fullorðinna. Baldvin er mjög duglegur að gefa af sér til yngri iðkenda og hefur tekið fjárfundi við félagasína í UFA og er alltaf til í að hitta hópinn þegar hann er á Akureyri.

Frjálsíþróttakona ársins: **Stefanía Daney Guðmundsdóttir**

Stefanía Daney er einn sterkasti langstökkvari í hópi fatlaðra kvenna fatlaðra kvenna í heiminum. Hún keppir í fötlunarflokki T20 og æfir í hálf-atvinnumennsku sem langstökkvari. Stefanía er í afrekshópi ÍF (Íþróttasamband fatlaðra) og fyrirliði meistaraflokks UFA. Stefanía er framúrskarandi fyrirmynd fyrir fatlaða iðkendur á Íslandi og ómissandi meðlimur frjálsíþróttahóps UFA. Reynsla hennar af stórmótum og alþjóðlegum mótum er gríðarlega mikilvæg og hún er mjög dugleg að gefa af sér til yngri iðkenda. Stefanía stefnir á HM sem haldið verður á Indlandi í september og Norðurlandameistaramót á árinu 2025. Á langtímaplani Stefaníu eru Paralympics í Los Angeles 2028.

Langhlaupakarlar ársins: **Þorbergur Ingi Jónsson**

Þorbergur Ingi hefur verið í fremstu röð íslenskra langhlaupara í mörg ár. Þorbergur Ingi er sterk fyrirmynd annarra hlaupara og brennandi áhugi hans á utanvegahlaupum hefur smitað út frá sér og haft jákvæð áhrif á uppbyggingu íþróttarinnar á Akureyri og landinu öllu. Á árinu sýndi Þorbergur Ingi enn og aftur hve framúrskarandi íþróttamaður hann er. Hann setti glæsilegt brautarmet í Gyðjunni í Súlum vertical, hljóp þar 100 km yfir fjöll og firnindi á innan við 10 tímum og náði með því hæsta ITRA skori sem nokkur Íslendingur hefur náð, 898 stigum. Hann náði einnig góðum árangri í fleiri utanvegahlaupum, skipar sem fyrr toppsæti íslenskra karla á ITRA styrkleikalistanum og hlaut viðurkenninguna *Utanvegahlaupari ársins* hjá FRÍ fyrir frammistöðu sína.

Langhlaupakona ársins: **Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir**

Sigþóra Brynja er metnaðarfullur íþróttamaður sem hefur sinnt sinni íþrótt vel undanfarið ár. Hún hefur bætt árangur sinn jafnt og þétt og skipað sér í fremstu röð íslenskra langhlaupara í brautarhlaupum, götuhlaupum og utanvegahlaupum. Sigþóra Brynja náði mjög góðum árangri í millivegalengdum, götuhlaupum og utanvegahlaupum á árinu. Hún byrjaði árið á bætingum í

brautarhlaupum og fylgdi því eftir með bætingum í 10 km og hálfmaraþoni á götu. Hálfmaraþontíminn hennar er jafnframt þriðji besti tími sem íslensk kona hefur náð frá upphafi í greininni. Sigþóra keppti einnig í utanvegahlaupum á árinu. Hún tók þátt í Evrópumeistaramóti í fjallahlaupum í byrjun sumars, vann nokkra sigra í utanvegahlaupum hér heima og er fjórða stíghæsta íslenska konan á lista ITRA (styrkleikalista fyrir utanvegahlaup).

Hvatningarverðlaun í flokki 11-14 ára fengu þau Elva Ósk Jónasdóttir og Jón Oddur Heimisson.



*Jón Oddur og Elva Ósk ásamt Unnari þjálfara, sem veitti verðlaunin*

Í Meistaraflokki veittu þjálfarar viðurkenningar til iðkenda í æfingahópi frjálsíþrótta. Róbert Mackay og Sigurlaug Anna fengu viðurkenningu fyrir stíghægtu afrek ársins 2024. Garðar Atli og Elena Soffía hlutu verðlaun „Á réttri leið“. Alexander Breki hlaut verðlaunin „Förn ársins“ fyrir að hlaupa grindahlaup á Bikarkeppninni sl. sumar og tryggja félaginu stig fyrir það.



*Þráinn þjálfari, Garðar Atli, Alexander Breki, Ari þjálfari, Elena Soffía, Sigurlaug Anna og Róbert.*

## **Þjálfaramál**

Þjálfarar UFA í vetur eru þeir Unnar Vilhjálmsson, Ari Heiðmann Jósavinsson, Jón Friðrik Benonýsson, Kristinn Þráinn Kristjánsson, Sindri Lárusson og Þorsteinn Helgi Guðmundsson. Einnig hefur Katla María Kristjánsdóttir þjálfað fyrir félagið í sumar og aðeins í vetur. Að auki eru eldri iðkendur til aðstoðar við þjálfun yngri flokka og til afleysingar þegar á þarf að halda, aðstoðarþjálfararnir okkar á árinu 2024 voru Emilía Ólöf, Emelía Rán, Garðar Atli, Guðrún Hanna, Hreggviður Örn, Kristófer Máni, María Margrét, Markuss, Pétur Friðrik og Tinna María. Þökkum við þeim kærlega fyrir vel unnin störf.

Vor og haust 2024 fékk UFA styrk til að ráða inn íþróttafélaga sem passaði upp á þau börn sem þurfa á stuðningi að halda, um var að ræða styrk til að ráða íþróttafélaga fyrir æfingar 10 ára og yngri (2x 1 klst í viku). Gott er að fá stuðning fyrir þessi börn, til að fækka árekstrum milli barna og til að bæði þau og önnur börn í flokknum gætu haft meira gagn og gaman af æfingunum. Þetta er skref í rétta átt því börn sem þurfa á stuðningi að halda í skóla þurfa almennt einnig á stuðningi að halda á íþróttæfingum. Enginn fékkst þó til að sinna starfi íþróttafélagans svo að formaður UFA sinni því.



*Þjálfarar UFA, Unnar, Þráinn og Ari, á myndina vantar Bróa, Sindra og Þorstein*



*Aðstoðar og afleysingapjálfarar UFA, nokkra vantar á myndina*

### **Starf stjórnar**

Stjórnarfundir árið 2024 voru 10 talsins auk þess sem ýmis mál voru rædd og ákvarðanir teknar á fjarspjalli. Á þessum fundi gefa Rósa Dagný, Rósa Hrefna, Katrín Ósk, og María kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, Sigurveig gefur jafnframt áfram kost á sér í varastjórn. Okkur vantar því a.m.k. tvö framboð til stjórnar/varastjórnar á þessum fundi. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem hafa unnið með mér í stjórn undanfarin ár, þjálfurum, foreldrum, iðkendum og sjálfboðaliðum kærlega fyrir gott samstarf og hlakka til að sjá UFA vaxa og dafna enn frekar í framtíðinni.

Fyrir hönd stjórnar UFA

Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður.